

Sæll Kristófer

Eins og við ræddum í síma áðan þá erum við að ganga frá lausum endum varðandi fyrirhugaðan Búðafossveg með nýrri brú yfir Þjórsá ofan Búða.

Eitt af því sem þarf að ganga frá áður en framkvæmdir við veginn verða boðnar út eru landskipti.

Landskipti öðlast gildi þegar þinglýst staðfesting ráðherra ásamt þinglýstum uppdrætti sem er staðfestur af skipulagsyfirvöldum liggur fyrir. Áður en hægt er að biðja um staðfestingu ráðherra þarf að liggja fyrir samþykki viðkomandi skipulagsyfirvalda og staðfesting sveitarstjórnar.

Vegurinn fer um jarðir Minna-Hofs og Réttarholts. Staðan er sú sama á báðum jörðum, samningur um lagningu Búðafossvegar og afsal vegsvæðis til Vegagerðarinnar var undirritað í desember 2009. Skv. bréfi skipulagsfulltrúa dags. 26. apríl 2012 til Verkfræðistofu Suðurlands samþykkti skipulagsnefnd landskiptin á fundi 23. apríl 2012 og sendi til sveitarstjórnar til samþykktar. Sveitarstjórnin hefur ekki staðfest landskiptin, mér skilst að það hafi líklega strandað á því að skipulagsvinna við Árnes var í gangi á þeim tíma.

Ég myndi gjarnan vilja dusta rykið af þessari vinnu og ljúka landskiptunum. Getur þú kannað stöðu málsins þín megin og hver næstu rökréttu skref eru?

Bestu kveðjur, Ólöf

Ólöf Rós Káradóttir

Verkefnisstjóri - Vatnsafl

Project Manager - Hydropower Department - Research & Development Division

Tel / Sími: +354 515 9020 - Mobile / GSM: +354 891 7123

[Olof.Ros.Karadottir@landsvirkjun.is](mailto:Olof.Ros.Karadottir@landsvirkjun.is)



Háaleitisbraut 68  
103 Reykjavík  
Iceland  
Tel / Sími: +354 515 9000  
[landsvirkjun.is](http://landsvirkjun.is)  
Privacy and Legal Disclaimer